

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1127
komudagur 12.1.2011

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði
S: 569 7900 F: 569 7990
fiskistofa@fiskistofa.is
www.fiskistofa.is

Hafnarfjörður, 05.01.2011
Tilv. 0011/2011 - 0.2.1

Vísað er til bréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 14. desember 2010, þar sem Fiskistofu er sent til umsagnar frumvarp til laga um sölu sjávarafla o.fl., 50. mál. Fiskistofa þakkar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar. Fiskistofa hefur yfirfarið frumvarpið og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Frumvarpið gerir ráð fyrir þeirri meginreglu að allur sjávarafli skuli seldur á innlendum uppboðsmarkaði sjávarafla. Rækja, humar og uppsjávarfisktegundir eru þó undanskildar frá þessari skyldu.

Lög nr. 79/2005 um uppboðsmarkaði sjávarafla gilda um fiskmarkaði eins þeir kallast almennt. Samkvæmt lögnum er það sjávarútvegsráðherra sem veitir leyfi til reksturs fiskmarkaða og skal ráðherra m.a. annars meta hvort skilyrði séu til frjálsar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða, sbr. 1. gr. laganna. Þá er í 3. gr. laganna kveðið á um þau skilyrði sem aðili þarf að uppfylla til að fá leyfi til reksturs fiskmarkaðar. Skilyrðin lúta að ríkisborgararétti og lögheimilisskyldu, (með tilteknum undanþágum), fjárræði aðila og forræði hans yfir búi sínu.

Í umræddum lögum er hvorki að finna ákvæði sem setur takmarkanir við eignaraðild að fiskmörkuðum né lágmarksskilyrði sem uppfylla þarf þannig að tryggt verði að fiskmarkaður geti með fullnægjandi hætti sinnt þeim verkefnum sem honum er ætlað að hafa. Atriði þessi snúa annars vegar að hlutleysi fiskmarkaða og hins vegar að því að fjárhagslegur styrkur þeirra sé nægilegur til að sinna lögbundnum verkefnum. Fiskistofa telur tilefni til að vekja athygli á, með tilliti til umrædds frumvarps, mikilvægi þess að fiskmarkaðir séu hlutlausir aðilar, þ.e. hafi ekki beina hagsmuni seljenda- eða kaupendamegin í viðskiptum með afla og hafi fjárhagslegan styrk til að sinna þeim verkefnum sem löggjöf gerir ráð fyrir að þeir sinni.

Enn fremur er vakin athygli á að fjöldi löndunarhafna þar sem afla var landa árið 2010 er 61 höfn. Fjöldi fiskmarkaða er hins vegar 26 þannig að ljóst er að staða útgerða getur verið nokkuð misjöfn með tilliti til fjarlægðar frá löndunarhöfn að næsta fiskmarkaði. Hér er jafnframt vakin athygli á að nokkuð er um að afli sé seldur í gegnum fiskmarkað án þess að hann sé fluttur á markaðinn.

Þá er rétt að geta þess að nokkuð óljóst er hvað átt er við með lokamálslið í a. lið 3. gr. sem hljóðar svo: „Heimilt er að selja afla í beinum viðskiptum í innlenda fiskvinnslu og skal þá


verð milli útgerðar og fiskvinnslu ákvarðast af markaðsverði söludagsins eða síðasta þekkta markaðsverði á uppboðsmarkaði.” Samkvæmt orðanna hljóðan virðist útgerðum heimilt að selja afla sinn í beinum viðskiptum enda sé kaupandi innlend fiskvinnsla án aðkomu stjórnvalda. Hins vegar virðist við lestur athugasemda tilefni til að draga í efa að það sé markmiðið með umræddu ákvæði. Sé það markmiðið að stjórnvöld eigi að veita umrædda heimild þarf að kveða á um það með skýrum hætti ásamt því að kveða á um skilyrði fyrir veitingu slíkrar heimildar. Í því samhengi er mikilvægt að tryggja að afgreiðsla slíkra erinda geti verið einföld í framkvæmd.

Einnig er athygli vakin á því að samkvæmt skilgreiningu á „fullunnum frystum afla“ í b. lið 3. gr. verður ekki annað séð en að hausskorinn karfi og haus- og sporðskorin grálúða, sem hvortveggja eru mjög algengar afurðir íslenskra vinnsluskipa, séu skilyrtar til sölu á innlendum fiskmarkaði.

Í IV. kafla frumvarpsins er 2. gr. laga nr. 24/1986 breytt, 3. grein felld niður en ekki gerðar aðrar breytingar á lögunum. Fiskistofa veur athygli á því að með þeirri breytingu virðist skiptahlutfall hjá vinnsluskipum sem landa afla erlendis verða 64% af heildarverðmæti en hjá vinnsluskipum sem landa afla sínum innanlands verði skiptahlutfallið 74,5% af fob-verðmæti eða 69% af cif-verðmæti.

Að svo stöddu gerir Fiskistofa ekki aðrar athugasemdir við þskj. 51 – 50. mál.

F. h. Fiskistofu



Eyþór Björnsson
fiskistofustjóri